




Reykjavík, 13. júlí. 2023

Drápuhlíð 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa USK23050101


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. júní 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Bílastæði

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Drápuhlíð 2 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB)

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn. Hverfisskipulag fyrir Hlíðarhverfi, Háteigshverfi og Öskjuhlíðarhverfi er í vinnslu sem er langt á veg komin. ,

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til að gera tvö bílastæði innan lóðar Drápuhlíðar 2 við norðvestan horn garðsins og setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla.

Drápuhlíð 2 tilheyrir fastmótaðri og heilsteyptri íbúðarbyggð sem tók að rísa á fimmta áratug 20. aldar. Hlutföll, þakform og yfirborðsáferð húsanna er áþekkt og af svipaðri gerð og hæð. Steinmulnings- eða skeljasandsáferð er ráðandi en sum nýrri hús eru múrhúðuð og máluð. Húsin eru staðsett á lóðum m.t.t. sólarátta sérstaklega og er staðsetning innkeyrslna og bílskúra einnig miðuð út frá því. Samkvæmt eldra deiliskipulagi (ekki í gildi) er reiknað með einfaldri innkeyrslu og bílskúr norðvestan megin við hús. Hinsvegar á núgildandi mæliblaði er ekki gert ráð fyrir bílastæði, innkeyrslu né bílskúr á lóðinni.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að öpörfu. Einnig er innkeyrslan staðsett á horni sem skapar hættu fyrir gangandi vegfarendur sem og að innkeyrslan er við hraðahindrun. Bílastæðin eru að auki staðsett milli ljósastaura og umferðarskiltis. Í aðalskipulaginu er almennt leiðarstef að draga úr notkun einkabílsins og fækka bílastæðum.

Bent er á að þegar hverfisskipulag hefur verið samþykkt fyrir borgarhlutann væri hægt að sækja um að setja upp hleðslustöðvar í borgarlandi.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.
- Samræmist ekki mæliblöðum né stefnu aðalskipulags Reykjavíkur né komandi hverfisskipulags um bílastæði.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústdóttir landslagsarkitekt / verkefnastjóri